

Stjórnarskiptafundur umdæmisráðs Inner Wheel á Íslandi, haldinn
6. júní kl. 17 hjá Maríu Heiðdal Þorragötu 7, Reykjavík.

Fundargerð:

Mættar voru: Umdæmisstjóri Sigríður J. Guðmundsdóttir, gjaldkeri Ragnhildur Jónsdóttir, ritari Jóhanna Róbertsdóttir, allar úr IW Selfoss, og viðtakandi umdæmisstjóri (2025-2026) Sigurbjörg Magnúsdóttir, IW Kópavogi.

Jafnframt voru mættar frá IW Reykjavík verðandi umdæmisstjórn veturinn 2024-2025, María V. Heiðdal, verðandi umdæmisstjóri, Ágústa Hauksdóttir, verðandi umdæmisgjaldkeri og Vigdís Jónsdóttir verðandi umdæmisritari.

Allir nauðsynlegir pappírar undirritaðir, fyrir skatt og banka.

Rifjað var upp ferð 10 IW félaga á 100 ára afmæli IW í Manchester sem haldið var í maí.

Skiptst var á upplýsingum og ekki síst töskum. Öll gögn komast nú fyrir í svartri skjalatösku, ein taska fyrir forseta, ein fyrir gjaldkera og ein fyrir ritara.

Rætt var um að hafa haustfund umdæmisins laugardaginn 2. nóv. á hótél Natúra í Reykjavík.

Verðandi umdæmisstjóri bauð upp á laxaböku.

Fleira var ekki gert.

Fundi var slitið kl. 19.

Vigdís Jónsdóttir,

verðandi ritari umdæmis 136.